Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 - Eskifjörður

Skoðunarskýrsla #6032
Reglubundin skoðun
FE-1195_REY-00003

Eftirlit framkvæmt 14/09/2026 og skýrsla send 06/10/2026
Bjarg

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í boðað reglubundið eftirlit með búnaði í sjókvíaeldi hjá Kaldvík að Bjargi, sem starfrækt er samkvæmt rekstrarleyfi nr. FE-1195, þann 14. september 2026. Viðstaddir eftirlitið af hálfu eftirlitsþega voru Ingi Steinn Freysteinsson samhæfingarstjóri reksturs, Arnmundur Marinósson svæðisstjóri, Sara Atladóttir gæðasérfræðingur og Sandra Eiðsdóttir Gæðastjóri, ásamt öðrum í áhöfn Eirar.

Siglt var frá Eskifjarðarhöfn að eldissvæðinu Bjargi á léttabát sem eftirlitsþegi lagði til. Skoðaðar voru eldiskvíar nr. 4,3,2 og 7 ásamt pramma, sjáanlegum hlutum eldisbúnaðar, dauðfiskabúnaði og netpokum.

Niðurstöður skýrslunnar byggjast á þeim gögnum, upplýsingum og aðstæðum sem skoðuð voru við eftirlitið.

Í eftirlitsskýrslu #2754 var skráð frávik vega búnaðar utan eldissvæðis. Í þessu eftirliti var ekki lagt mat á hvort brugðist hafi verið við frávikinu með fullnægjandi hætti.

Næsta reglubundna eftirlit með búnaði í sjókvíaeldi verður samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar

Frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Eldissvæði	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn	Kaldvík hf.	**Undirbúningur**	1 klst.
Kennitala viðtakenda	520412-0930	**Frágangur**	1 klst.
Skoðunarmaður	Nancy Rut Helgadóttir	**Tímar við úttekt**	2 klst.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	2 klst.

Frávik

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit
Eldissvæði

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eldra frávik úr eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2026:

Eldisbúnaður er utan skilgreinds eldissvæðis á eldissvæðinu Bjargi samkvæmt rekstrarleyfi en skv. 30. gr. rgl. nr. 540/2020 skal staðsetning sjókvíaeldisstöðvar vera innan eldissvæðis.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Eftirlit 14. september 2026:

Í þessu eftirliti var ekki lagt mat á hvort brugðist hafi verið við frávikinu með fullnægjandi hætti.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 14/09/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 06/10/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 0 alvarlegt frávik og 1 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit: 11 af 11 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit

- Rekstrarleyfi
- Bátar og flutningstæki
- Eldissvæði
- Viðbragðsáætlanir
- Dagbókarfærslur
- Dauðfiskur
- Merkingar sjókvíaeldisstöðva – kvía...
- Innra eftirlit
- Viðbragðsáætlun vegna stroks
- Eldisbúnaður
- Búnaður til að endurheimta fisk